

Bryndís Zoëga
Guðmundur St. Sigurðarson

Fornleifaskráning Skagabyggðar

Hvammkot



Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2012/125

Forsíðumynd: Seltóftir í Hvammkotslandi



© Bryndís Zoëga og Guðmundur Stefán Sigurðarson
Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki
2012/125

INNGANGUR	2
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA	3
AÐFERÐ VIÐ SKRÁNINGU	4
HVAMMKOT-SÖGUÁGRIP	6
FORNLEIFASKRÁNING	8
SAMANTEKT	25
FORNLEIFAR Í LANDI HVAMMKOTS	25
ÁHUGAVERÐAR MINJAR Í LANDI HVAMMKOTS.....	26
NIÐURLAG	26
HEIMILDASKRÁ	27

Inngangur

Haustið 2011 lauk fjórða áfanga vettvangsskráningar fornleifa í Skagabyggð vegna aðalskipulags. Skráningin var unnin af Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fyrir sveitarfélagið. Í eftirfarandi skýrslu er fornleifaskráning jarðarinnar Hvammkots. Auk þeirra voru skráðar jarðirnar Skúfur, Kirkjubær, Neðstibær, Skrapatunga, Balaskarð, Sæunnarstaðir, Vakurstaðir, Bergstaðir, Bláland, Hafursstaðir og Hafursstaðakot, Kambakot og Kjalarland.

Um var að ræða heildarskráningu jarðanna þar sem allar fornleifar sem tengjast hverri jörð og nýtingu hennar voru mældar upp og þeim lýst; minjar í heimatúni, auk stekkja, beitarhúsa, selja og hjáleigna ef einhverjar eru. Á þann hátt skapast yfirsýn yfir minjar sem heyrt hafa saman í tíma og rúmi þótt alltaf megi búast við því að töluverður fjöldi minja sé horfinn af náttúru- eða mannavöldum.

Samkvæmt samningi Skagabyggðar og Byggðasafns Skagfirðinga miðast skráningin við jarðabók Johnsen frá 1847.

Heimilda og undirbúningsvinna auk skýrsluskrifa var í höndum Bryndísar Zoëga landfræðings en vettvangsvinna var unnin af Bryndísi og Guðmundi St. Sigurðarsyni fornleifafræðingi.

Steinari Kristjánssyni bónda á Steinnýjarstöðum þökkum við veittar upplýsingar og aðstoð.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænhúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga, né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning er forsenda skipulegrar minjavörslu svo sem þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Þeir sem stýra hvers konar framkvæmdum verða að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á framkvæmdasvæðinu, svo unnt sé að taka tillit til minja við skipulagsvinnu og varðveislu sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en

reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Því er mikilvægt að fornleifaskráning sé gerð með nægilegum fyrirvara áður en framkvæmdir eiga sér stað. Björgunaruppgröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi vegna þeirra, er engan veginn æskilegur. Hvorki fyrir framkvæmdaaðila né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar, og því sameinar fornleifaskráningin hagsmuni beggja.

Aðferð við skráningu

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist. Gengið er á alla staði sem að eru taldir líklegir minjastaðir. Á þann hátt bætast oft við fornleifar sem ekki er getið í heimildum.

Í skýrslunni fá allar fornleifar auðkennisnúmer, hlaupandi númer innan hverrar jarðar, t.d. fær gamli bærinn á Hvammkoti númerið 1 (auðkennt Hvammkot - 1). Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Einnig fá þær minjar þar sem staðsetning er þekkt svokallaðar kennitölur [Fvnr.] en það er auðkennisnúmer sem að hver fornleif fær í gagnagrunni Fornleifaverndar ríkisins en Fornleifavernd hefur yfirumsjón með minjavörslu á landinu. Til dæmis er kennitala fyrir Hvammkot - 1, 13409.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. hóbýli manna, fjárhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Segja má að allar minjar innan túna eða í nágrenni þeirra séu í einhverri hættu af völdum framkvæmda en þær eru einungis metnar í hættu þar sem sérstök ástæða þykir til að ætla að þær verði fyrir hnjaski. Hættumat kann að breytast síðar vegna framkvæmda eða annarra ástæðna sem ófyrirséðar voru þegar minjarnar voru skráðar. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Fornleifaverndar ríkisins sem finna má á vef stofnunarinnar: www.fornleifavernd.is. Þá er reynt að leggja mat á aldur minjanna í grófum dráttum og það birt í töflu aftast í skýrslunni. Þar sem heimildir eru um aldur minja er þess sérstaklega getið, annars staðar er aldur áætlaður útfrá útliti og ástandi, auk gróðurfars og grósku í og við minjarnar. Ástand getur verið fjölbreytt eftir aðstæðum, minjar fallið og troðist út á skömmum tíma meðan aðrar haldast stæðilegar um langan aldur. Gróðurfar er oft betri vísbending, þar sem minjar geta verið grænni og gróskumeiri en umhverfið í allt að tvö til þrjú hundruð ár, en fara eftir það að samlagast umhverfinu betur. Það verður því að taka þessum áætlaða aldri með fyrirvara.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble ProXrs) sem gefur nákvæmni með undir metra í skekkju. Grunnflötur og útlit minjanna var mælt upp með gps tækjum eða punktur tekinn eftir atvikum. Þessar teikningar, punktar og línur voru færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. í eigu Sveitarfélagsins Skagabyggðar. Upplýsingarnar voru skráðar í gagnagrunn og uppmælingum skilað á stafrænu formi til verkkaupa og Fornleifaverndar ríkisins. Minjar sem ekki sjást á yfirborði en traustar heimildir eru fyrir hvar hafi staðið, s.s. byggingar sem mældar voru upp á túnakortum á fyrrihluta 20. aldar, eða

minjar sem heimildamenn töldu sig geta staðsett með öryggi, voru sömuleiðis hnitsettar en þar má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Yfirlitsmyndir af stærri minjasvæðum er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

Hvammkot-söguágrip



Mynd 1. Túnið á Hvammkoti. Bæjartóftin er fyrir miðri mynd en til hægri sést fjárhústóft og aðrar tóftir lengra úti á túni.

Hvammkots er fyrst getið í Sigurðarregistri frá 1525 þar sem Þingeyrarklaustur er sagt eiga jörðina Hvamm¹ sem líklega er sama jörðin. Í landamerkjabréfi frá 1532 segir að Hvammkot hafi verið hjáleiga frá Hofi.² Hvammkot fór í eyði 1949.³

Ábúð

Árið 1703 eru heimilismenn sex en tíu þegar flest var árin 1845 og 1870.⁴

Jörð	Ártal	Eigandi/eigendur	Jarðadýrleiki (hndr)	Landskuld (hndr)	Kúgildi
Hvammkot	-	-	-	-	-
Hvammkot	1696 ⁵	Þingeyrarklaustur	3	0,2	3
Hvammkot	1708 ⁶	Þingeyrarklaustur	3	0,2	3
Hvammkot	1847 ⁷	Þingeyrarklaustur	10	0,2	2
Hvammkot	1861 ⁸	-	6,8	-	-

¹ Íslenzkt Fornbréfasafn IX, 314.

² Íslenzkt Fornbréfasafn IX, 641.

³ Húnaþing II (1978), 103.

⁴ Miðað er við stafræn manntöl á Manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands. <http://manntal.is/>. Skoðaður þann 6. janúar 2012.


⁵ Björn Lárusson (1967), 240.

⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 408.

⁷ Jarðatal á Íslandi, 244.

⁸ Ný jarðabók, 90.

Náttúrufar og jarðabætur



Mynd 2. Númerin á myndinni eru hlaupandi númer úr fornleifaskráningu Hvammkots. Einungis eru sýndar þær minjar sem eru á túnakortinu þó aðrar minjar geti verið í og við tún.

árlega. [...] Engjar á dreif um bithaga, sæmilega grasgefnar, greiðfærar en lítið slétt. Að mestu stutt á engjar, en vegur slæmur. Engjarnar eru fremur blautar. Hey létt en holl. Eigandi telur fást af þeim í meðal ári um 120 hb.¹⁰

„Ábúandi Páll
Hjálmarsson.


Byggingarbréf hans frá 1880 áskilur 36 ferfaðma árlega sléttu í túni. En þar eð ábúandinn ekki flutti að jörð þessari fyrr en á næstliðnu vori þá hafði hann ekki komið við að slétta í þetta sinn en lofaði að gjöra það því frekar næsta ár. Hús jarðarinnar eru gömul og slæm sem ábúandinn hvaðst hafa í hyggju að byggja upp hið fyrsta hann fengi því við komið.“⁹

Í Fasteignamati 1916-1918 segir: „Tún jarðarinnar er talið um 7 dagsláttur. Það er allt vel grasgefið og í sæmilegri rækt. Um 1/3 slétt. Ógirt. Ekki vel fallið til útgræðslu. Eigandi telur töðuafla um 80hb. að meðaltali

⁹ ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1. Lýsing á ábúð og ástandi Þingeyraklausturs umboðsjarða sumarið 1881. Hvammkot nr. 55.

¹⁰ Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 26.03.2012.

Fornleifaskráning



Hvammkot-1

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Tóft

Hættumat: Minjunum stafar hætta vegna ágangs búfjár.

Staðhættir

Bæjartóftin er í austanverðum túnjaðrinum á Hvammkoti, þ.e. eins og túnið er í dag.

Lýsing

Bæjartóftin snýr NA/SV, 12x20m að utanmáli. Aðaltóftin er þrískipt en norðan við hana eru tóftaleifar sem eru að hluta verr farnar en sú fyrirnefnda. Að austan eru veggir mikið hrundir en standa þó hæst um 150sm háir. Þar eru leifar af skorsteini og í NA-horni þeirrar tóftar eru leifar niðurgrafinnar trétunnu og við hana fannst leirkersbrot og meðfram veggjum að SA fundust m.a. glerbrot. Í vestari tóftinni eru veggir 60-150sm háir og virðist austurveggur þar vera hlaðinn eingöngu úr torfi en aðrir veggir eru með grjóthleðslu neðst. Suðaustur af bænum eru tvennar dældir eða holur 1-2m í þvermál og 20-40sm djúpar.

Aðrar upplýsingar


Á túnakorti frá 1920 smá sjá bæ og fjós sambyggt austarlega fyrri miðju túni. Í úttektum Þingeyrarklaustursjarða er mat lagt á eftirfarandi hús:

1776: Baðstofa, Búrhús, Eldhús, Hús lítið, Göng frá baðstofu til útidyra.

1825: Baðstofa, Göng frá eldhúsi til dyra, Eldhús, Búrhús. Yfir kúgildið framvísar Sigmundur smiðjukofa, 3 álnir í fyrrikant, með öllum dyra umbúningi, hespu og keng.

1843: Baðstofa, Göng frá eldhúsi til anddyra, Anddyri, Eldhús, Búrhús, Skemma, Smiðjukofi.¹¹

Í Fasteignamati 1916-1918 er húsum svo lýst: „Bæjarhús og geymsluhús úr torfi og timbri, gömul og hrörleg. Peningshús rúma 115 sauðfjár og 8 hross. Fjós og eldhús ekki til, ný niðurrifin, þá skoðun fór fram.“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 26.03.2012).



Hvammkot-2

Hlutverk: Fjós

Tegund: Tóft

Hættumat: Minjunum stafar hætta vegna ágangs búfjár.

Staðhættir

Bæjartóftin er í austanverðum túnjaðrinum á Hvammkoti, þ.e. eins og túnið er í dag. Á túnakorti frá 1920 má sjá að fjós var sambyggt bænum.

Lýsing

Bæjartóftin snýr NA/SV,

12x20m að utanmáli. Aðaltóftin er þrískipt en norðan við hana eru tóftaleifar sem eru að hluta verr farnar en sú fyrrnefnda. Að austan eru veggir mikið hrundir en standa þó hæst um 150sm háir. Þar eru leifar af skorsteini og í NA-horni þeirrar tóftar eru leifar niðurgrafinnar trétunnu og við hana fannst leirkersbrot og meðfram veggjum að SA fundust m.a. glerbrot. Í vestari tóftinni eru veggir 60-150sm háir og virðist austurveggur þar vera hlaðinn eingöngu úr torfi en aðrir veggir eru með grjóthleðslu neðst.

Aðrar upplýsingar

Í Fasteignamati 1916-1918 er húsum svo lýst: „Bæjarhús og geymsluhús úr torfi og timbri, gömul og hrörleg. Peningshús rúma 115 sauðfjár og 8 hross. Fjós og eldhús ekki til, ný niðurrifin, þá skoðun fór fram.“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 26.03.2012).

Hvammkot-3

Hlutverk: Skemma

Tegund: Tóft

Hættumat: Minjunum stafar hætta vegna ágangs búfjár.

Staðhættir

Austan við bæjartóftina (nr. 1) er minni tóft sem á túnakorti frá 1920 er merkt skemma.

¹¹ ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1. Úttektir Þingeyraklaustursjarða 1776 nr. 10. Úttektir Þingeyraklaustursjarða 1825 nr. 81. Úttektir Þingeyraklaustursjarða 1825 nr. 11.

Lýsing

Tóftin snýr N/S, 5,5x6m að utanmáli, dyr hafa snúið til suðurs. Veggir eru illa farnir líklega að mestu leyti vegna ágangs búfjár, þeir eru 20-130sm háir og mest um 1,5m á breidd. Þeir eru að hluta grasi grónir en þó sér í torf- og grjóthleðslur í veggjum.

Hvammkot-4

Hlutverk: Brunnhús

Tegund: Tóft

Staðhættir


Í jaðri túnsins, um 25m norður af bæjartóftinni (nr. 1) er tóft við bæjarlækinn þar sem samkvæmt heimildamanni var sótt vatn á vetrum (Munnleg heimild: Kristján Steinar Kristjánsson (1966) 17.11.11).

Lýsing

Tóftin liggur í stefnuna NV/SA og rennur bæjarlækurinn eftir henni miðri. Hún er rúmlega 4x5m að utanmáli, veggir 50-100sm háir að utan en 60-100sm að innan, þeir eru mest rúmlega 1m á breidd.

Aðrar upplýsingar

Í Fasteignamati 1916-1918 er húsum svo lýst: „Vatnsból gott, en mikið aðfenni.“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 26.03.2012). Samkvæmt heimildamanni var brunnhúsið kallað Grýlubær en nafngiftin átti að fæla börn frá því að fara sér að voða í brunnhúsinu (Munnleg heimild: Kristján Steinar Kristjánsson (1966) 17.11.11).



Hvammkot-5

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Hættumat: Minjarnar eru í túni og gæti stafað hætta vegna jarðræktar.

Staðhættir

Um 75m NNV af bæjartóftinni (nr. 1) er illgreinanleg fjárhústóft í túninu.

Lýsing

Tóftin snýr NNV/SSA og er 10x12m að utanmáli. Tvístæð

fjárhús, með gördum og heytóft eða hlöðu til NNV. Dyr hafa snúið til SSA og innangengt í heytóft/hlöðu. Veggir eru 10-30sm háir og mest um 1m á breidd.

Aðrar upplýsingar

Í úttekt frá 1825 segir: "Fjárhústóftir yfir 40 kindur [...]. Heytóftin í góðu standi, geymir 2 kýrfóður, og við fjárhúsin eru passanlegar tóftir." (ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1. Úttektir Þingeyraklaustursjarða 1825 nr. 11.). Óvíst er hvort um sömu hús er að ræða. Í Fasteignamati frá 1916-1918 segir: „Peningshús rúma 115 sauðfjár og 8 hross.“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 26.03.2012).

Hvammkot-6

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Hættumat: Minjarnar eru í hættu vegna ágangs búfjár.

Staðhættir


Rúmlega 90m NV af bæjartóftinni (nr. 1) og um 20m vestur af tóft nr. 5 er fjárhústóft.

Lýsing

Tóftin snýr NV/SA, 15x15m að utanmáli, tvístæð hús með görðum og hlöðu eða heytóft til NV. Veggir eru 20-140sm háir og mest rúmlega 1m á breidd. Grjóthleðslur sjást í veggjum og torfhleðslur í hlöðu/heytóft en tóftin er að öðru leyti grasi gróin.

Aðrar upplýsingar

Á túnakorti frá 1920 er fjárhús nyrst í túni (miðað er við áttarhorf á korti). Í úttekt frá 1825 segir: "Fjárhústóftir yfir 40 kindur [...]. Heytóftin í góðu standi, geymir 2 kýrfóður, og við fjárhúsin eru passanlegar tóftir." (ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1. Úttektir Þingeyraklaustursjarða 1825 nr. 11.). Óvíst er hvort um sömu hús er að ræða. „Peningshús rúma 115 sauðfjár og 8 hross.“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 26.03.2012).



Hvammkot-7

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í túnjaðrinum vestanverðum, um 120m vestur (VNV) af bæjartóftinni er tóft sem heimildamaður telur að hafi verið hesthús (Munnleg heimild: Kristján Steinar Kristjánsson (1966) 17.11.11).

Lýsing

Tóftin snýr NNV/SSA og er

7x9m að utanmáli. Dyr hafa verið tvennar og snúið til SSA en hlaða eða heytóft hefur snúið til NNV. Veggir eru 40-110sm háir, um 100sm breiðir, grasi grónir en sér í grjóthleðslur í veggjum.

Aðrar upplýsingar

Í úttekt frá 1825 segir: „[...] hesthústóft yfir 2 hesta, allt í góðu standi.“ (ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1. Úttektir Þingeyraklaustursjarða 1825 nr. 11.). Óvíst er hvort um sömu hús sé að ræða. Í Fasteignamati 1916-1918 segir: „Peningshús rúma 115 sauðfjár og 8 hross.“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 26.03.2012).

Hvammkot-8

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti er hús fjárhús (nr. 6) nyrst í túni (miðað er við áttarhorf á korti) og sunnan þess annað fjárhús.

Lýsing

Samkvæmt heimildamanni var lambhús milli fjárhússins (nr. 6) og bæjar (nr. 1) en það er nú horfið og búið að slétta yfir. Punktur var tekinn af hnitsettri loftmynd og því má gera ráð fyrir allt að 30m skekkju. (Munnleg heimild: Kristján Steinar Kristjánsson (1966) 17.11.11).

Hvammkot-9

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í úttekt frá 1825: „Sáðgarður, hér um 16 kvaðrat faðmar innanrúm, undir hlé við baðstofuna“. (ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1. Úttektir Þingeyrarklaustursjarða 1825 nr. 11).

Lýsing

Ekki er vitað með fullri vissu við hvaða hlið bæjarins matjurtagarðurinn var en punktur var tekinn við bæjartóftina og má því gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Hvammkot-10

Hlutverk: Óþekkt, matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Girðing liggur eftir garðlaginu og gæti því stafað hætta vegna frekari girðingaframkvæmda.

Staðhættir

Utan við túnið að vestanverðu, rúmlega 140m VSV af bæjartóftinni (nr.1) er garðlag, mögulega matjurtagarður?

Lýsing

Garðlagið, hlaðið úr torfi og grjóti, liggur í vinkel og er annars vegar frá vestri til austurs en beygir svo til suðurs og er hvor veggur um sig 13m langur. Túngirðing liggur eftir austurvegg garðsins og þar eru veggir jafnframt hæstir um 50-60sm háir og 80sm breiðir.

Hvammkot-11

Hlutverk: Óþekkt, matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Í túninu, um 100m VSV af bæjartóftinni (nr. 1) er garðlag.

Lýsing

Garðlagið er um 10x15m að utanmáli og snýr NNV/SSA. Veggir eru 10-40sm háir og mest um 130sm breiðir. Til norðurs er óregluleg grjóthleðsla en aðrir veggir eru reglulegri, hlaðnir úr torfi.

Aðrar upplýsingar

Í Fasteignamati frá 1916-1918 segir: „Matjurtagarður ræktarðu um 70 fðm².“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 26.03.2012).

Hvammkot-12

Hlutverk: Framræsla

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Austur af bæjartóftinni eru handgrafnir skurðir og í gegnum þann stærsta rennur bæjarlækurinn.

Lýsing

Skurðurinn er nokkuð veglegur af handgröfnum skurði en samkvæmt heimildamanni var hann upphaflega minni en bæjarlækurinn hefur grafið hann áfram og stækkað. Skurðurinn er alls um 260m langur, og liggur úr norðri til SA og beygir svo til suðurs. Þrír mjórri skurðir liggja vestan hans og eru þeir um 30sm djúpir og alls um 60m langir.

Hvammkot-13

Hlutverk: Beðasléttur

Tegund: Jarðræktarsvæði

Staðhættir

Í túninu sunnan við bæinn liggja rákir eftir túninu og ávalar bungur á milli þeirra og virðast vera beðasléttur.

Lýsing

Þær eru 30-45m langar og liggja norður/suður og norðaustur/suðvestur.



Mynd 3. Hleðslan yfir bæjarlækinn. Horft er til suðurs heim að bæ.

Hvammkot-14

Hlutverk: Brú


Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Um 100m norður af bæjartóftinni (nr. 1) er grjóthleðsla, leifar af grjóthlaðinni brú sem liggur yfir bæjarlækinn.

Lýsing

Brúin er um 3x5m að utanmáli, hlaðnir kantar og fyllt á milli með grjóti. Hæðin er 20-100sm. Hluti grjótsins er mjög stórt en brúin var gerð af Kristjáni Guðmundssyni (f. 1896) bónda á Hvammkoti (Munnleg heimild: Kristján Steinar Kristjánsson (1966).



Hvammkot-15

Sérheiti: Kvíaból

Hlutverk: Rétt, Kvíar

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Í aflíðandi brekku á mótis við bæjartóftina (nr. 1) eða tæplega 100m NA af henni er garðlag og samkvæmt heimildamanni var þarna rétt (Munnleg heimild: Kristján Steinar Kristjánsson (1966).

Lýsing

Hún er 20x35m að utanmáli og skiptist í fjögur hólfi. Stærsta hólfið liggur NA/SV, opið mót SV. Í NA horni þess er lítið hólfið um 1,5x1,5m að utanmáli, opið til NV inn í stóra hólfið. Til NV eru tvö minni hólfi, annað með hliði til SV en hitt til vesturs. Veggir eru stæðilegir, þó hrundir á köflum, 30-100sm háir og mest um 1m á breidd. Tóftin en sér í grjóthleðslur á nokkrum stöðum. N-hluti vestari hlutans er byggður inn í brekkuna.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Norður af bænum var Kvíaból. Fyrir austan túnið var Bæjarlækur. Norðan með honum Kvíalaut.“ (ÖJÓ, 1).

Hvammkot-16

Hlutverk: Óþekkt, náttúrulegt

Tegund: Tóftaleifar?

Hættumat: Minjunum getur stafað hættu vegna jarðræktar.

Staðhættir

Í túninu, um 70m vestur af bæjartóftinni (nr. 1) er svæði sem sker sig eilítið úr túninu og virðist sem þar hafi mögulega verið mannvirki á einhverjum tíma.

Lýsing

Svæðið er um 8x10m að utanmáli og sker sig úr umhverfi sínu þar sem það er nokkuð grænna og það sér í grjót sem stendur upp úr túninu. Óvíst er hvort að þarna hafi verið mannvirki. Heimildamaður vissi ekki til þess að þarna hefði verið mannvirki (Munnleg heimild: Kristján Steinar Kristjánsson (1966).

Hvammkot-17

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgroftur-hleðsla

Hættumat: Minjunum getur stafað hættu vegna jarðræktar.

Staðhættir

Í túninu um 20m suður af fjárhústóft nr. 5 er niðurgroftur.

Lýsing

Hann er 10-40sm djúpur og um 2m í þvermál og sjást óljósar útbrúnir meðfram kantinum.

Hvammkot-18

Sérheiti: Hjallhólsbrekka

Hlutverk: Álagablettur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Gróin brekka í laut eða smá gili vestan undir Hjallhól, 150m austur af bæjartóftum (nr. 1).

Lýsing

Að sögn heimildamanns var brekkan ekki slegin því sú sögn fylgdi henni að það væri tún álfkonu (Munnleg heimild: Kristján Steinar Kristjánsson (1966) 17.11.11).

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Hjallhálsbrekku má ekki slá. Óvíst hvað við lá.“ (ÖJÓ, 2). Í annarri örnefnaskrá er brekkan nefnd Hjallhólsbrekka og sögð tún Álfkonu (ÖKK, 1).



Mynd 4. Horft er yfir matjurtagarðinn til suðausturs.

Hvammkot-19

Hlutverk: Matjurtagarður


Tegund: Garðlag

Staðhættir

Í gróinni brekku suður undir Hjallhól er matjurtagarður. Hann er um 220m austur af bæjartóftinni.

Lýsing

Garðlagið er allt 50sm hátt, grasi gróið í lyngi vaxinni brekku. Það er 16x18m að utanmáli og snýr mót suðri.



Hvammkot-20

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 85m NV af tóft nr. 21 er stekkjartóft efst í grónu og fremur djúpu dragi, Stekkjarlaut.


Lýsing

Tóftin snýr norður/suður, 3x8m að utanmáli. Réttin er til suðurs en króin til norðurs. Ekki er að sjá hlið á krónni en á réttinni

hefur það að líkindum snúið til austurs. Tóftin er fremur illa farin, veggir 10-80sm háir og mest um 1m á breidd. Grjót er í veggjum réttar en torf í krónni. Austurveggur er að mestu úr grjóti og er hann hrinninn. Austurbakki dragsins sem tóftin er í virðist hafa verið stunginn niður og þannig gert betra aðhald.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Suðaustur af Hjallhól er Stekkjarlaut.“ (ÖJÓ, 1). Í úttekt frá 1825 segir: „Mjaltakvíar og stekkur, nú í brúkanlegu standi.“ (ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1. Úttektir Þingeyrarklaustursjarða 1825 nr. 11).



Hvammkot-21

Hlutverk: Sel, híbýli

Tegund: Tóft


Staðhættir

Rúmlega 60m norður af stekkjartóft nr. 22 er tóft sem helst líkist sel- eða bæjartóft.

Lýsing

Tóftin eru fjórskipt og snýr NV/SA, 10x12m að utanmáli. Garðlag liggur til suðurs frá henni um 5m langt og við enda þess er þúst. Veggir eru að

mestu grónir en sér í grjóthleðslur á nokkrum stöðum. Þeir eru að nokkru hrundir, 20-50sm háir og mest rúmlega 1m á breidd. Fernar dyr hafa verið og tvær þeirra snúið til SV, ein til norðurs og sú fjórða til suðurs.



Hvammkot-22

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tæplega 50m norður af mógröfum nr. er tóft, líklega stekkjartóft.


Lýsing

Tóftin er tvískipt og snýr norður/suður, króin til norðurs en réttin til suðurs. Hún er 5x7m að utanmáli, króin liggur um 30sm hærra en réttin og hefur

hlið verið á henni til vesturs. Hlið á réttinni hefur snúið mót austri og við það hefur verið smá garðlag upp í brekkuna til austurs, líklega til að auðvelda innrekstur. Hæð veggja er 30-70sm og breidd um 1m. Tóftin er næstum algróin en sér í grjót í veggjum við hlið.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Suðaustur af Hjallhól er Stekkjarlaut.“ (ÖJÓ, 1). Í úttekt frá 1825 segir: „Mjaltakvíar og stekkur, nú í brúkanlegu standi.“ (ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1. Úttektir Þingeyrarklaustursjarða 1825 nr. 11)



Hvammkot-23

Sérheiti: Móbreið

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Nyrst undir Ásabrekkum, rúmlega 380m SA af tóftum Hvammkotsbæjarins er mógröf.

Lýsing

Mógrafirnar eru um 2000m² í að stærð.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Suður af

Breiðum er Hrísholt. Suður af því Móbreið. Þar var tekinn mór.“ (ÖJÓ, 1). Í Fasteignamati 1916-1918 er húsum svo lýst: „Mótak gott“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 26.03.2012).

Hvammkot-24

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Nyrst undir Ásabrekkum, rúmlega 380m SA af tóftum Hvammkotsbæjarins er mógröf og tæplega 50m SA hennar er mótóft.

Lýsing

Tóftin snýr nokkurn veginn norður/suður, 2,5x5m að utanmáli. Veggir eru 15-20sm háir og um 40sm á breidd, lyngi grónir og að hluta komnir í þúfur.

Hvammkot-25

Hlutverk: Mótóft


Tegund: Tóft

Staðhættir

Nyrst undir Ásabrekkum, rúmlega 380m SA af tóftum Hvammkotsbæjarins er mógröf og á Hrísholti rúmlega 20m NV þeirra er mótóft.

Lýsing

Tóftin er 2x2m að utanmáli, veggir eru 10-15sm háir og tæplega 50sm breiðir, algrónir lyngi.



Hvammkot-26

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Syðst undir Ásabrekkum, rúmlega 800m SA af tóftum Hvammkotsbæjarins er mógröf.

Lýsing

Mógrafirnar eru um 1800m² í að stærð.

Hvammkot-27

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Syðst undir Ásabrekkum, rúmlega 800m SA af tóftum Hvammkotsbæjarins er mógröf og tæplega 10m sunnan þeirra er mótóft.

Lýsing

Hún liggur NV/SA og er 4x2m að utanmáli. Veggir eru um 20sm háir og um 40sm breiðir, grónir en sér í grjóti í tóftinni.

Hvammkot-28

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Syðst undir Ásabrekkum, rúmlega 800m SA af tóftum Hvammkotsbæjarins er mógröf upp við þær að austan er mótóft.

Lýsing

Hún snýr NA/SV, 3x5m að utanmáli en NV hluti hennar virðist horfinn. Veggir eru 20sm háir og um 40sm breiðir.

Hvammkot-29

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Syðst undir Ásabrekkum, rúmlega 800m SA af tóftum Hvammkotsbæjarins er mógröf og upp við hana að vestan er mótóft.

Lýsing

Tóftin er 3x4m að utanmáli og snýr austur/vestur en hluti af austurhluta hennar er horfinn. Veggir eru 30-40sm háir, algrónir og hlaupnir í þúfur.

Hvammkot-30

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Syðst undir Ásabrekkum, rúmlega 800m SA af tóftum Hvammkotsbæjarins er mógröf og tæplega 20m norðan hennar mótóft.

Lýsing

Hún liggur NA/SV, 6,5x4m að utanmáli. Veggir eru 15-30sm háir og um 1m á breidd, algrónir.



Mynd 5. Varða á Ásabrún. horft er til suðvesturs.

ingar) en varðan sem hér er skráð er sú eina sem fannst í þessari línu.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Að sunnan frá fyrstnefndri vörðu á brekkunni til vörðu á ásnum fyrir austanundið og ofan Presthól, og síðan áfram sömu stefnulínu, sem miðuð er við Litlaskarð til Norðurár; [...]“ (Landamerkjaskrá (1889) nr. 89).



Mynd 6. Hleðsla nr. 32.

Hvammkot-31

Hlutverk: Óþekkt, kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir

Syðst á Ásabrún, rúmlega 1km SA af Hvammkoti er varða, að líkindum merkjavarða milli Hvammkots og Hofs.

Lýsing

Varðan er á lítt grónum mel, 60-70sm há og um 1x1m að grunnmáli. Óvíst er hvort um sömu vörðu er að ræða og lýst er í landamerkjaskrá (sjá aðrar upplýs-

Hvammkot-32

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðhættir

Á svonefndum Ytri-Brúnum tæplega 1,6km austur af Hvammkoti er lítil varða.

Lýsing

Lítil hleðsla upp við nokkuð stóran stein, um 30sm há.



Mynd 7. Miðaftansvarða á Ásabrúnum, horft er til austurs.

Lýsing

Varðan er stæðileg, 90sm há og 3x3m að grunnmáli.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Suður og norður meðfram Dal að vestan heita Ásar, en þeir eru gríðarstór svæði mela og hrísmóa, sem náði inn í Hvammkot á há-Ásunum og að sunnan og Örlygsstaði vestast. Austurbrúnir Ása eru kallaðar Ásabrúnir. Syðst á Ásabrúnum er Miðaftansvarða eða Ásabrúnavarða, eyktarmark frá Fjalli og landamerkjavarða milli Hvammkots of Fjalls.“ (ÖJB, 8). Varðan er í landamerkjaskrá Fjalls frá 1886 nefnd Miðaftansvarða og sögð á Ásbrún (Úr landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1886), skjal nr. 46). Í landamerkjaskrá Hvammkots segir: „þá norður með Fjallslandi í Kringlumýri og Miðaftansvörðu á Ásabrún [...].“ (Landamerkjaskrá (1889) nr. 89).



Mynd 8. Varða á Ásabrúnum, horft til austurs.

verið fremur óvönduð eða að hún hefur hrunið.

Hvammkot (Fjall-57)-33

Sérheiti: Miðaftansvarða/ Ásabrúnavarða

Hlutverk: Eyktamark/Landamerki

Tegund: Varða

Staðhættir

Syðst á Ásabrúnum [Ásabrúnir eru austurbrúnir svonefndra Ása þar sem lönd Hvammkots og Fjalls skiptast] um 1,3km VSV af bæjarstæðinu er varða, landamerki milli Hvammkots og Fjalls.

Hvammkot (Fjall-56)-34

Hlutverk: Kennimark/Landamerki?

Tegund: Varða

Staðhættir

Sunnarlega á Ásabrúnum [Ásabrúnir eru austurbrúnir svonefndra Ása þar sem lönd Hvammkots og Fjalls skiptast] er varða.

Lýsing

Hún er 2x2,5m að grunnmáli og um 50sm há, hlaðin að hluta úr fremur stóru grjóti. Annaðhvort hefur hleðsla



Mynd 9. Horft er til SA.

minna grjóti. Hún er rúmlega 1x1,5m að grunnmáli.

Hvammkot (Fjall-55)-35

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir

Á Ásabrúnum [Ásabrúnir eru austurbrúnir svonefndra Ása þar sem lönd Hvammkots og Fjalls skiptast] um 1300m SV af vörðu nr. 54 er önnur varða, líklega merkjavaraða milli Hvammkots og Fjalls.

Lýsing

Varðan er 60sm á hæð, að hluta hlaðin úr stóru grjóti en að hluta úr



Mynd 10. Varða á Ásabrúnum, horft er til NA.

Hvammkot (Fjall-54)-36

Hlutverk: Óþekkt, Kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir

Norðarlega á Ásabrúnum [Ásabrúnir eru austurbrúnir svonefndra Ása þar sem lönd Hvammkots og Fjalls skiptast], tæplega 450m norður af norðurenda Stekkjartjarnar er grjót-hrúga, að líkindum leifar vörðu.

Lýsing

Hrúgan er regluleg að grunnmáli, 4x4m á kant. Hún er 10-40sm á hæð og enginn gróður á henni. Nokkuð

stórt grjót er í henni.

Aðrar upplýsingar

Í Landamerkjaskrá Fjalls segir: „Þaðan í miðja Kringlumýri, og vottar þar fyrir gömlu og óljósu garðlagi í útnorður. Þaðan í Miðaftansvörðu á Ásabrún. Frá henni norður í vörðu á Mosásenda nyrðri.“ (Úr landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1886), skjal nr. 46). Í landamerkjaskrá Hvammkots segir: „Þá norður með Fjallslandi í Kringlumýri og Miðaftansvörðu á Ásabrún og norður í vörðu á nyrðri Mosásenda til fyrrnefndrar vörðu við Fjallsland.“ (Landamerkjaskrá (1889) nr. 89).



Mynd 11. Löngubrekkuvarða nr. 37. Horft er til SA heim að Steinnýjarstöðum.

Holt. Þar austur af Langabrekka, sem nær norðan frá Sundi suður undir á móts við Kárablett. Á suðurenda hennar er Löngubrekkuvarða.“ (ÖJÓ, 1).

Hvammkot-37

Sérheiti: Löngubrekkuvarða

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðhættir

Á suðurenda svonefndrar Löngubrekku, um 850m ASA af Hvammkoti er varða.

Lýsing

Varðan er 1-1,2m á hæð og um 1x1,5m að grunnmáli. Aðeins er hrúnið úr henni.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Nokkuð fyrir austan Breiðar og Hrísholt heita



Mynd 12. Varða nr. 38. Horft er til vesturs.

Hvammkot-38

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðhættir

Á lyngi grónum mel, rúmlega 1 km NA af Hvammkoti er varða.

Lýsing

Hún er um 1m á hæð og 2x2,5m að grunnmáli. Stór steinn er fyrir miðju og ofan á honum steinar og hrúgur beggja vegna hans.

Hvammkot-(Örlygsstaðir-64)-39

Sérheiti: Sölvavarða

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Varða

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Að vestan og norðan frá vörðu á brekkunni fyrir utan Stórhól um Gunnumó og yfir Reyrlág til vörðu á melnum utan og vestan til við túnið og nefnd er Hornvarða; þaðan til landnorðurs til Sölfavörðu, sem er fyrir norðan Sjónarhól [...].“ (Landamerkjaskrá (1889) nr. 89).

Lýsing

Sölvavarða var ekki skoðuð á vettvangi en hnit tekin samkvæmt tilsögn Rafns Sigurbjörnssonar á Örlygsstöðum, miðað við landamerkjagrunn Fasteignamats Ríkisins.



Mynd 13. Hornvarða í þoku.

Hvammkot-(Örlygsstaðir-65)-40

Sérheiti: Hornvarða

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Varða

Staðhættir

Rúmlega 500m norður af Hvammkotsbæjartóftinni er varða á merkjum Hvammkots og Örlygsstaða I, II og Hlíðar.

Lýsing

Varðan stendur á lyngi og mosagrónum lágum klapparstalli. Hún er um 80sm há og um 1x1m að grunnmáli.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Að vestan og norðan frá vörðu á brekkunni fyrir utan Stórhól um Gunnumó og yfir Reyrlág til vörðu á melnum utan og vestantil við túnið og nefnd er Hornvarða; þaðan til landnorðurs til Sölfavörðu, sem er fyrir norðan Sjónarhól [...].“ (Landamerkjaskrá (1889) nr. 89).

Hvammkot-41

Hlutverk: Mógröf?

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Um 770m SV af Hvammkotsbænum, tæplega 20m austur af merkjum Hvammkots og Örlygsstaða II er niðurgroftur, mögulega mógröf.

Lýsing

Niðurgrofturinn er með fremur reglulegum brúnum og virðist því vera manngerður en einnig er mögulegt að þarna sé um náttúrulegt fyrirbrigði að ræða. Niðurgrofturinn er 50sm djúpur og alls 22m² að flatarmáli.



Mynd 14. Meint mógröf fremst á mynd. Horft er til SA.



Hvammkot-42

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir

Á svonefndum Melaendum, rúmlega 700m suður af Hvammkoti er þúst.

Lýsing

Þústin er gróin, óregluleg að lögun, 2x4m að utanmáli og um 30sm há. Töluvert er af steinum við hana og virðist þetta mögulega leifar einhverskonar mannvirkis. Hlutverk

og aldur er þó óviss.

Hvammkot-43

Hlutverk: Stekkur


Tegund: Tóft

Staðhættir

Suður undir svonefndum Grensbekk, neðan undir lyngi gróinni brekku mót suðri, tæplega 1,5km NA af Hvammkotsbænum er stekkjartóft.

Lýsing

Tóftin er 7x7,5m að utanmáli. Réttin snýr NA/SV og er króin við NV horn hennar. Hlið hefur verið á SV-vegg í krónna og þaðan í réttina. Annað hlið er ekki greinanlegt en þó eru allar líkur á að hlið hafi verið út úr réttinni. Veggir eru lyngi grónir, mest um 50sm háir og rúmlega 1m á breidd.



Hvammkot-44

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í landamerkjaskrá frá 1889 segir: „Að vestan og norðan frá vörðu á brekkunni fyrir utan Stórhól um Gunnumó og yfir Reyðarlág til vörðu á melnum utan og vestantil við túnið og nefnd er Hornvarða; [...]“ (Landamerkjaskrá (1889) nr. 89).

Lýsing

Hornmerki milli Hofs, Örlygsstaða II og Hvammkots eru við steiptan hornstaur í dag en lýsing í landamerkjaskrá virðist eiga við merkjavörðu á Brekkubrún sem í dag eru merki milli Örlygsstaða II og Hofs.

Samantekt

Vel varðveittar minjar er að finna bæði innan og utan túns í landi Hvammkots. Jörðin fór í eyði árið 1949 og túnið var ekki vélunnið fyrir en eftir að flutt var af jörðinni og hafa flestar minjar innan túnsins fengið að standa. Einkum er um að ræða hefðbundnar búsetuminjar frá 19. og 20. öld svo sem bæjarhús, gripahús, stekki og mógrafir svo eitthvað sé nefnt. Áhuga-verðar minjar eru austur af svonefndri Stekkjarlaut tæpa 400m austur af bæjartóftunum en þar eru tóftir (nr. 21) sem helst minna á sel eða bæjartóftir en engar heimildir eru til um þær og því erfitt að fullyrða nokkuð um hlutverk þeirra nema með frekari rannsókn.

Jörð	Fjöldi fornleifa	Staðsettar horfnar minjar	Óstaðsettar minjar	Hlutfall horfinna/ óstaðsettra minja
Hvammkot	44	2	1	-

Fornleifar í landi Hvammkots

Bæjartóftin (nr. 1) er austast í túninu og við hana lítil skemmutóft (nr. 3). Við bæjarlækinn norður af bænum er brunnhústóft (nr. 4) og suðaustan hennar eru handgravnir fráveituskurðir (nr. 12). Vestar í túninu er matjurtagarður (nr. 11) og garðlag við túnjaðarinn að vestan (nr. 10). Hesthústóft er utan túns (nr. 7) og fjárhústóft norðaustur af henni (nr. 6) og austan hennar óljósar leifar annars fjárhúss (nr. 5). Í túninu suður af fjárhúsunum er niðurgröftur í túni (nr. 17) og enn sunnar virðast vera mannvirkjaleifar (nr. 16). Norðan við bæinn var gerð steinbrú (nr. 14) og austan bæjarlækjar er rétt (nr. 15). Álagablettur (nr. 18) er í Hjallhólsbrekku austur af túninu og sunnan Hjallhóls er matjurtagarður (nr. 19). Efst í Stekkjarlaut (nr. 20) er stekkjartóft og austan neðsta hluta lautarinnar (nr. 22), þar á milli er tóft (nr. 21) sem í útliti minnir helst á sel eða litla bæjartóft. Sunnan Stekkjarlautar er mógröf og mótóftir (nr. 23-25) og enn sunnar þar sem heitir Móbreið eru fleiri mógrafir og tóftir (nr. 26-30). Landamerkjavörður eru á mörkum Hvammkots, Hofs, Fjalls og Örlygsstaða (nr. 31-40). Aðrar vörður eru í Hvammkotslandi (nr. 38, 32, 37) en hlutverk þeirra er óþekkt. Stekkjartóft (nr. 43) er tæpa 1,5km norðaustur af bænum. Suður við merkin við Hof er þúst og við merkin við Örlygsstaði II er niðurgröftur (nr. 41), mögulega mógröf.

Minjar í hættu

Alls eru átta minjar skráðar í hættu í landi Hvammkots, þar af fimm vegna rasks og þrjár vegna jarðræktar. Minjar nr. 5 og 17 eru þegar raskaðar vegna túnasléttunar og gætu orðið fyrir enn frekara raski við frekari vinnslu túns. Aðrar minjar eru taldar í hættu vegna ágangs búfjár en þær hafa þegar orðið fyrir raski af þeim orsökum. Eftir garðlagi nr. 10 liggur girðing og geta minjar raskast vegna þess. Minjar í túni og við vegi eða önnur athafnasvæði eru að sjálfsögðu alltaf í nokkurri hættu þótt ekki sé fyrirsjáanlegt að þær geti orðið fyrir skemmdum.

Nr	Frvnr	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Orsök	Hættumat	Orsök
1	13409		tóft	híbýli		1800	1950	vel greinanleg		hætta	rasks
2	13410		tóft	fjós		1800	1950	vel greinanleg		hætta	rasks
3	13411		tóft	skemma		1800	1900	vel greinanleg		hætta	rasks
5	13413		tóft	fjárhús		1600	1900	illgreinanleg	sléttunar	hætta	Jarð-ræktar
6	13414		tóft	fjárhús		800	1900	vel greinanleg		hætta	rasks
10	13418		garðlag	óþekkt	matjurta-garður	800	1900	greinanleg		hætta	rasks
16	13424		Tóftaleifar?	óþekkt	náttúrulegt	800	1900	illgreinanleg		hætta	Jarð-ræktar
17	13425		niðurgroftur-hleðsla	óþekkt		800	1900	illgreinanleg		hætta	Jarð-ræktar

Áhugaverðar minjar í landi Hvammkots

- Fróðlegt væri að rannsaka aldur og hlutverk tófta nr. 21 sem taldar eru vera híbýla-eða seltóftir.

Niðurlag

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með heildarskráningu fornleifa innan sveitarfélagsins skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt. Fornleifaskráningu er þó í raun aldrei lokið og staðir geta bæst við síðar sem einhverra hluta vegna hafa farið framhjá skrásetjum við vettvangsskoðun. Þeim minjum þarf þá að bæta inn á fornleifaskrána.

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning þeirra er þekkt út frá heimildum, heimildamönnum eða öðrum ummerkjum í landslagi. Hins vegar ber að gæta að því að minjar geta einnig leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber þegar í stað að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Heimildaskrá

Björn Lárusson (1967). *The Old Icelandic Land Registers*. Lund University: Lund.

Íslenzkt fornbréfasafn IX 1262-1536. Hið íslenska bókmenntafélag: Kaupmannahöfn og Reykjavík, 1909-1913.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII. Hið íslenska fræðafélag: Kaupmannahöfn, 1926.

Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágrípi úr Búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Útgefandi: J.Johnsen: Kaupmannahöfn, 1847.

Ný jarðabók fyrir Ísland samin eptir tilskipun 27. maí mánuðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Jarðabókaútgáfan: Kaupmannahöfn, 1861.

Óprentaðar heimildir

(ÖKK) Hvammkot. Skráð af Kristjáni Kristjánssyni. Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

(ÖJÓ) Hvammkot. Skráð af Jóni Ól. Benónýssyni. Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

Landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1889). Landamerkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Hvammkoti í Vindhælishreppi, skjal nr. 89. Handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.

Túnakort Hvammkots. Ágúst B. Jónsson (1920). Þjóðskjalasafn Íslands: Reykjavík.

ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1.

Lýsing á ábúð og ástandi Þingeyraklausturs umboðsjarða sumarið 1881. nr. 55.

Úttektir Þingeyraklaustursjarða 1776 nr. 10.

Úttektir Þingeyraklaustursjarða 1825 nr. 81.

Úttektir Þingeyraklaustursjarða 1825 nr. 11.

Heimasíður

Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://manntal.is/>.

(Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Fasteignamat 1916-1918 undirmerkt; A-Húnavatnssýsla. Hvammkot nr. 286).

Heimildamenn

Kristján Steinar Kristjánsson (f. 1966) bóndi á Steinnýjarstöðum og eigandi Hvammkots.

Fylgiskjöl

Hvammkot hnitaskrá

Nr	Frvnr	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Orsök	Hættumat	Orsök	Veggh. frá	Veggh. til	Austun	Norðun
1	13409		tóft	híbýli		1800	1950	vel greinanleg		hætta	rasks	0,6	1,5	439667,89	603565,74
2	13410		tóft	fjós		1800	1950	vel greinanleg		hætta	rasks	0,6	1,5	439664,07	603564,26
3	13411		tóft	skemma		1800	1900	vel greinanleg		hætta	rasks	0,2	1,3	439678,34	603557,09
4	13412		tóft	brunnhús		1800	1950	vel greinanleg		engin hætta		0,5	1,2	439681,39	603598,87
5	13413		tóft	fjánhús		1600	1900	illgreinanleg	sléttunar	hætta	Jarð-ræktar	0,1	0,3	439619,20	603641,04
6	13414		tóft	fjánhús		800	1900	vel greinanleg		hætta	rasks	0,2	1,4	439581,25	603635,86
7	13415		tóft	hesthús		1800	1950	vel greinanleg		engin hætta		0,4	1,1	439542,41	603598,08
8	13416		heimild	fjánhús	lambhús	800	1950	sést ekki	sléttunar			0,0	0,0	439596,41	603602,10
9	13417		heimild	matjurta-garður		1800	1900	sést ekki	ekki vitað			0,0	0,0	439665,26	603571,94
10	13418		garðlag	óþekkt	matjurta-garður	800	1900	greinanleg		hætta	rasks	0,5	0,6	439509,56	603533,30
11	13419		garðlag	óþekkt	matjurta-garður	1700	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,1	0,4	439558,41	603528,52
12	13420		niðurgröftur	framræsla		1900	1950	vel greinanleg		engin hætta		0,3	0,0	439710,80	603564,25
13	13421		jarðræktar-svæði	beðasléttur		1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,0	0,2	439671,22	603512,23
14	13422		hleðsla	brú		800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,2	1,0	439682,84	603688,49
15	13423	Kvíaból	garðlag	rétt	kvíar	1800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,3	1,0	439736,06	603668,76
16	13424		tóftaleifar?	óþekkt	náttúrulegt	800	1900	illgreinanleg		hætta	rasks	0,0	0,0	439589,26	
17	13425		niðurgröftur-hleðsla	óþekkt		800	1900	illgreinanleg		hætta	Jarð-ræktar	0,1	0,4	439621,21	603610,39
18	13426	Hjallhóls-brekka	heimild	álagablettur		800	1950	ómetið		ómetið		0,0	0,0	439831,38	603588,81
19	13427		garðlag	matjurta-garður		1800	1950	vel greinanleg		engin hætta		0,0	0,5	439907,56	603548,34
20	13428		tóft	stekkur		800	1900	greinanleg		engin hætta		0,1	0,8	439988,77	603574,38
21	13429		tóft	sel	híbýli	1500	1800	vel greinanleg		engin hætta		0,2	0,5	440064,61	603514,18
22	13430		tóft	stekkur		1700	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,3	0,7	440059,22	603436,98
23	13431		niðurgröftur	mógröf		1500	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,0	0,0	440038,60	603358,86
24	13432		tóft	mótóft		1500	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,2	0,2	440101,18	603266,79
25	13433		tóft	mótóft		1500	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,2	0,3	440011,06	603398,31
26	13434		niðurgröftur	mógröf		1500	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,0	0,0	440241,45	602925,10

Hvammkot hnitaskrá

Nr	Frvnr	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Orsök	Hættumat	Orsök	Veggh. frá	Veggh. til	Austun	Norðun
27	13435		tóft	mótóft		1500	1900	greinanleg		engin hætta		0,0	0,2	440242,09	602854,59
28	13436		tóft	mótóft		1500	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	0,4	440259,20	602889,45
29	13437		tóft	mótóft		1500	1900	greinanleg		engin hætta		0,2	0,3	440246,73	602900,96
30	13438		tóft	mótóft		1500	1900	greinanleg		engin hætta		0,2	0,3	440217,83	602947,95
31	13439		varða	óþekkt	kennimark	800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,6	0,7	440463,89	602804,51
32	13440		varða	óþekkt		800	1900	heillegar		engin hætta		0,0	0,3	441266,34	603499,56
33	12840	Miðaftans- varða/- Ásabrúna- varða	varða	landamerki	eyktarmark	800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,0	0,9	441668,30	603658,47
34	12839		varða	kennimark	landamerki	800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,0	0,5	441741,19	603774,61
35	12838		varða	kennimark	landamerki	800	1900	heillegar		engin hætta		0,0	0,6	442125,16	604343,84
36	12837		varða	óþekkt	kennimark	1800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,1	0,4	442724,13	605524,62
37	13441	Löngu-brekku- varða	varða	óþekkt		800	1900	vel greinanleg		engin hætta		1,0	1,2	440506,87	603353,53
38	13442		varða	óþekkt		800	1900	vel greinanleg				0,0	1,0	440459,84	604253,86
39	12441	Sölvavarða	varða	landamerki		1800	1900			engin hætta		0,0	0,0	440390,12	604655,65
40	12442	Hornvarða	varða	landamerki		800	1900	heillegar		engin hætta		0,8	1,0	439549,58	604082,52
41	13443		nidurgröftur	mógröf?		1800	1950	vel greinanleg		engin hætta		0,0	0,5	439241,16	602911,20
42	13444		þúst	óþekkt		800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,0	0,4	439774,66	602849,45
43	13445		tóft	stekkur		1500	1800	vel greinanleg		engin hætta		0,3	0,5	440711,48	604540,70

Hvammkot-yfirlitsmynd

N



Hvammkotstún
1-13, 16, 17

Grensbekkur
H e s t á s

Fjall

Langabrekka

